

Rúmmetrar sem ekki nýtast við flutning veiðileyfa milli skipa eða vegna stækkana falla niður.

Ráðherra skal setja nánari reglur um endurnýjun fiskiskipa og skal þar meðal annars kveðið á um hvernig rúmtala skips skuli reiknuð.

2. gr.

Orðin „2. mgr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 11. gr. laganna falla brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Breytingar á skipum sem stunda veiðar með aflamarki og leyfi fengu til veiða í atvinnuskyni fyrir 1. janúar 1986 skulu heimilar, þrátt fyrir ákvæði 1. gr., hafi samningar þar um verið gerðir fyrir og skilað til Fiskistofu innan fjögurra vikna frá gildistöku laga þessara. Breytingum skal þá lokið í síðasta lagi innan 14 mánaða frá gildistöku laganna. Slíkar breytingar skulu ekki lagðar til grundvallar mati á stærð skips við endurnýjun skipsins síðar.

Gjört á Bessastöðum, 23. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 56/1996, um spilliefnagjald.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðast svo: Ráðherra ákveður þóknun nefndarmanna fyrir setu í nefndinni.

2. gr.

Við 1. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr málslíður sem orðast svo: Þá er spilliefnanefnd heimilt að greiða förgun úrgangsefna sem blandast hafa vörum sem greitt hefur verið af skv. 6. gr., enda sé blöndunin hluti af eðlilegri notkun vörunnar.

3. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Spilliefnagjald skal lagt á neðangreinda vöruflokka:

1. Olíuvörur:

a. svartolía, allt að 0,1 kr. á hvert kg,

b. önnur olía en brennsluolía, allt að 20,0 kr. á hvert kg.

2. Lífræn leysiefni, klórbundin efnasambönd o.fl.:
 - a. lífræn leysiefni, allt að 3,0 kr. á hvert kg,
 - b. halógeneruð efnasambönd, allt að 900 kr. á hvert kg,
 - c. ósoneyðandi efni, allt að 900 kr. á hvert kg,
 - d. ísósyant, allt að 10,0 kr. á hvert kg.
3. Málning og litarefni, allt að 16,0 kr. á hvert kg.
4. Rafhlöður og rafgeymar:
 - a. rafhlöður, allt að 200 kr. á hvert kg, eða hámarksstykkgjald á rafhlöður, allt að 200 kr. á hvert stykki,
 - b. rafgeymar, allt að 60 kr. á hvert kg.
5. Ljósmyndavörur: framköllunarvökvar og fixerar, allt að 300 kr. á hvert kg.
6. Vörur sem innihalda kvikasilfur, allt að 900 kr. á hvert kg.
7. Ýmsar aðrar efnavörur (kemískar vörur), allt að 5,0 kr. á hvert kg.

4. gr.

Í stað orðanna „einn mánuður“ í 2. tölul. 7. gr. laganna kemur: þrír mánuðir.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 23. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

LÖG

um breyting á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „umhverfisvernd“ í 3. mgr. 10. gr. laganna kemur: hverfisvernd.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „sveitarstjórnar“ í 1. mgr. kemur: sveitarstjórna.
- b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ráðherra getur, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, frestað staðfestingu á svæðisskipulagi fyrir ákveðið landsvæði ef nauðsyn þykir til að samræma skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga. Slík svæði skal auðkenna á uppdrætti.